



SJÁLFSMATSSKÝRSLA

Mímir-símenntun

Höfðabakki 9
110 Reykjavík

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Almenn stefna og markmið	2
Mannauður	2
Innra mat skólans	3
Langtímaáætlun	3
Ársáætlun um innra mat	3
Tölfræðisamantekt endurbætt	3
Stafræn aðgengismál	3
Þróunarverkefnið KeNNA	3
Gervigreind	3
Fagbréf atvinnulífsins	4
Rafrænt öryggi Mímis	4
Office-aðgangur	4
Innritun nemenda	4
Aðrar aðgerðir til úrbóta	4
Breytt skipulag innan fræðslu og þróunar	4
Kennslukannanir	4
Lokaorð	5

Inngangur

Mímir-símenntun er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands og hóf starfsemi sína árið 2003. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um framkvæmd vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Mímir starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og barnamálaráðuneytis til að annast framhaldsfræðslu.

Mímir tekur þátt í samstarfi 11 símenntunarmiðstöðva um land allt sem vinna að símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi. Þær leggja áherslu á að efla þekkingu og hæfni einstaklingsins og að auka vitund fyrirtækja og stofnana um mikilvægi símenntunar starfsfólks í krefjandi og síbreytilegu starfsumhverfi. Innan Símenntar er unnið að sameiginlegum hagsmunum miðstöðvanna. Aðilar að samtökunum hafa samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um kennslu vottaðra námsleiða og framkvæmd náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Almenn stefna og markmið

Meginmarkmið Mímis er að skapa tækifæri til náms fyrir fullorðið fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Enn fremur að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli, einnig náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og tungumálanámskeið. Skipulag námsins tekur mið af þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins.

Mannauður

Fastráðnir starfsmenn Mímis eru að jafnaði í kringum 20 ár hvert, 90% þeirra eru háskólamenntaðir sérfræðingar. Kennslu annast verkefnaráðnir leiðbeinendur með kennaramenntun eða menntun í því fagi sem þeir kenna, t.d. næringarfræði, lyfjafræði eða sálfræði.

Starfsfólk	2022	2023	2024
Rekstrarsvið	9	8	7
Náms- og starfsráðgjafar	5	5	4
Verkefnastjórar á fræðslusviði	8	8	9
Verktakar í kennslu	134	135	145

Fjöldi starfsmanna og verktaka hjá Mími, þróun árána 2022 til 2024.

Stjórn Mímis er tilnefnd af Miðstjórn ASÍ og kjörin á aðalfundi félagsins sem haldinn er árlega í maí. Stjórnin starfar samkvæmt lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994. Stjórnarfundir eru reglulegir. Framkvæmdastjóri er Sólveig Hildur Björnsdóttir og stýrir hún daglegum rekstri. Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrjú varamenn. Stjórnina skipa Eyrún Björk Valsdóttir stjórnarformaður, Selma Kristjánsdóttir meðstjórnandi, Ragnar Ólason meðstjórnandi, Eyþór Árnason meðstjórnandi og Georg Páll Skúlason meðstjórnandi. Varafulltrúar í stjórn eru Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, Sólveig Anna Jónsdóttir og Hilmar Harðarson.

Innra mat skólans

Langtímaáætlun

Langtímaáætlun um innra mat var gefin út fyrir tímabilið 2024 til 2027. Í töflunni hér á eftir má sjá á hvaða sviði umbótaverkefni eru næstu þrjú ár. Áætlun fyrir árið 2024 var flutt yfir í ársáætlun.

	2025	2026	2027
Fræðsla	X		X
Ráðgjöf	X		
Raunfærnimat		X	
Gervigreind	X		
Rekstur	X		
Rekstur	X		
Áhættugreining		X	

Langtímaáætlun um innra mat.

Ársáætlun um innra mat

Ársáætlun um innra mat er aðgerðayfirlit fyrir umbótaverkefni. Hér á eftir er gerð grein fyrir umbótaverkefnum ársins 2024.

Tölfræðisamantekt endurbætt

Endurskoðun á vinnuferlum og verklagi við árlega tölfræðivinnslu leiddi til nýs skýrsluforms og vinnu við verklagsreglur til að tryggja betri skráningu og yfirsýn.

Stafræn aðgengismál

Settar voru upp aðgangsstýringar á tölvur í kennslurýmum til að tryggja gagnaöryggi. Aðgangur krefst Office 365 aðgangs.

Þróunarverkefnið KeNNA

Unnið er að efni og stuðningi fyrir kennara í fjarkennslu til að efla fjölbreytta og árangursríka kennsluhætti með áherslu á tækni og kennslufræði.

Gervigreind

Fagstjórar prufa sig áfram með notkun gervigreindar í námi og kennslu. Vinna við drög að stefnu Mímis um notkun gervigreindar er hafin.

Fagbréf atvinnulífsins

Mímir hóf þátttöku í nýju raunfærnimatsverkefni með áherslu á greiningu og umbótavinnu samhliða framkvæmd. Verkefnið er háð þátttöku fyrirtækja.

Rafrænt öryggi Mímis

Mörkuð hefur verið ný stefna um rafrænt öryggi og aðgangsstýringar. Hún hefur verið kynnt starfsfólki og birt á gæðavef Mímis.

Office-aðgangur

Komið hefur í ljós þörf á verklagsreglu við útgáfu aðgangsheimilda. Slík regla er í vinnslu fyrir nemendur, kennara og starfsmenn.

Innritun nemenda

Vinna stendur yfir við gerð nýrrar vefsíðu til að bæta yfirsýn nemenda yfir námsframboð og þjónustu. Hún verður tekin í notkun vorið 2026.

Aðrar aðgerðir til úrbóta

Breytt skipulag innan fræðslu og þróunar

Árið 2024 var fyrsta heila árið til reynslu í breyttu skipulagi þar sem sviði fræðslu og þróunar hjá Mími er skipt upp í þrjú sérhæfð fagsvið með það að markmiði að auka gæði í starfi. Hvert fagsvið er leitt af fagstjóra sem ber ábyrgð á framþróun og árangri á sínu sviði. Fagsviðin eru eftirfarandi:

- Námsbrautir og þróun:** Þetta fagsvið sér um skipulag námsbrauta, þróun og uppbyggingu nýrra námsbrauta, endurskoðun námskeiða og kennsluhátta sem og að tryggja að námið standist gæðakröfur.
- Íslenskunám og erlent samstarf:** Áhersla á stuðning við kennara og samræmda kennsluhætti innan sviðsins.
- Ráðgjöf og raunfærnimat:** Þetta fagsvið veitir nemendum og einstaklingum ráðgjöf varðandi náms- og starfsþróun auk þess að sjá um raunfærnimat.

Breytt skipulag hefur reynst vel þar sem fagstjórnir hafa sérhæft sig í sínum málaflokkum og stuðlað að framþróun og auknum gæðum innan hvers sviðs.

Kennslukannanir

Þjónustukannanir eru gerðar meðal nemenda, ráðþega í náms- og starfsráðgjöf og þátttakenda í raunfærnimati. Umsjónarmaður kannana tekur saman skýrslu fyrir hverja önn og leggur fyrir framkvæmdastjórn og gæðateymi. Kannanir ársins 2024 leiddu í ljós 96% ánægju með þjónustu Mímis.

Lokaorð

Sjálfsmatið gefur skýra mynd af því umbótastarfi sem fram hefur farið hjá Mími á undanfögnu ári. Með fjölbreyttum aðgerðum hafa gæði verið aukin sem og öryggi og aðgengi að þjónustu. Þá hefur áhersla verið lögð á nýsköpun í námi og kennslu. Breytt skipulag innan fræðslu og þróunar hefur skilað aukinni sérhæfingu og dýpri faglegru umgjörð. Þróunarverkefni, stefnumótun og markviss svörun við athugunum og ábendingum sýna að starf Mímis er í mjög góðum farvegi. Reglubundið mat og þátttaka starfsfólks og nemenda í umbótaferlinu styrkir starfsemina enn frekar.

Mímir-símenntun heldur áfram að byggja á sterkum grunni með það að markmiði að bjóða upp á gæðanám og styðja við persónulega og faglega þróun fólks á íslenskum vinnumarkaði.



MÍMIR
Vertu meira!